

Ferðapjónustuhús á landbúnaðarsvæðum.  
Vinnureglur skipulags- og umhverfisnefndar vegna útgáfu  
byggingarleyfa.

Vísað er til eftirfarandi ákvæða í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022:

Kafli 4.8 LANDBÚNAÐARSVÆÐI.

Verslun og þjónusta / ferðapjónusta:

„Samkvæmt Aðalskipulagi þessu er heimilt að stunda starfsemi í verslun og þjónustu á landbúnaðarsvæðum, sé hún með eðlilegum hætti tengd búrekstri og/eða ferðapjónustu s.s. bændagistingu, smásölu á bú- og handverksvörum, e.t.v. bæjarsöfn o. fl. Heimilt er að reisa mannvirki fyrir þess konar starfsemi, þ.e. hús allt að 100 m<sup>2</sup>, sé það staðsett við heimahús.....“

1. Samkvæmt framanskráðu samþykkir skipulags- og umhverfisnefnd að heimilað verði að byggja stök hús eða húsaþyrpingar fyrir ferðapjónustu allt að 100 m<sup>2</sup> sem uppfylla fyrrgreind skilyrði þar sem aðstæður leyfa án þess að gerð verði krafa um gerð deiliskipulags. *Lögð er áhersla á að form og litasetning nýrra ferðapjónustuhúsa séu samræmd við þau hús sem fyrir eru á jörðinni.<sup>1)</sup>*
2. Þeir sem hyggjast ráðast í fyrrgreindar framkvæmdir skulu senda inn umsóknir um slíkt til skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar og umsóknir skulu fylgja uppdrættir sem sýna afstöðu, grunnmynd, útlit og snið fyrirhugaðra mannvirkja. Nefndin metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort umsóknir fullnægi fyrrgreindum skilyrðum. Að því gefnu skulu byggingaráformin grenndarkynnt fyrir næstu nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum eins og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um og jafnframt skal leita umsagnar eftirtalinna stofnana eftir því sem við á:

Umhverfisstofnunar  
Minjastofnunar Íslands  
Vegagerðarinnar  
Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

3. Skipulags- og byggingarfulltrúi annast grenndarkynningu í umboði skipulags- og umhverfisnefndar og gefur út byggingarleyfi að uppfylltum tilskildum skilyrðum.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar 15.12.2016.

með breytingum<sup>1)</sup> 16.03.2017.